STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, sbr. reglugerð nr. 267/1991 um breytingu á henni.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi málsgrein:

Ef í gildi er leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt reglugerð þessari og ökutækið bilar eða verður fyrir tjóni, er eiganda þess eða umráðamanni heimilt að flytja inn varahluti í ökutækið án greiðslu tolls enda uppfylli hann skilyrði 7. gr. Tollstjóri getur áskilið staðfestingu, sem hann metur gilda, á því að varahlutirnir séu sendir til landsins til viðgerðar á viðkomandi ökutæki. Tollstjóri getur ennfremur, telji hann ástæðu til, áskilið að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu lögboðinna aðflutningsgjalda af varahlutunum, verði endurútflutningur þeirra ekki staðfestur af tollyfirvöldum.

2. gr.

Aftan við orðin „samkvæmt heimild í“ í 18. gr. bætist: 6. og.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.